

Fundargerð frá starfsdegi stjórnar

Staðsetning: Innovation House, Eiðistorgi 3.hæð.

20. júní 2019 kl.14:30-17:30



Þátttakendur:

Aðalheiður Ósk Guðmundsdóttir, Ásdís Erla Jónsdóttir, Berglind Björk Hreinsdóttir, Guðjón Örn Helgason, Guðný Halla Hauksdóttir, Gunnhildur Arnardóttir, Ingi Björn Sigurðsson, Jón Gunnar Borgþórsson, Kristján Geir Gunnarsson og Sigríður Harðardóttir.

Mæting:

Kristján Geir var staddur erlendis, annars full mæting.

Dagskrárliðir

- 1. Kynning á framtíðarsýn, stefnu, gildum, lögum og siðareglum Stjórnvísí.** Fundurinn hófst með því að allir kynntu sig með því að segja frá nafni, starfi, fyrri störfum og starfi/þekkingu á Stjórnvísí. Aðalheiður nýkjörinn formaður Stjórnvísí fór yfir dagskrá og markmið dagsins. Þá kynnti Aðalheiður framtíðarsýn félagsins, gildi, lög og siðareglur. Í framhaldi var óskað eftir ábendingum frá stjórn og urðu nokkrar umræður. Fyrir næsta aðalfund er mikilvægt er að gæta að fjölbreytni í stjórn Stjórnvísí og að endurskoða 6.grein og 9.grein. Stjórn sammæltist um að þema ársins yrði „**TRAUST**“. Formaður Stjórnvísí kynnti hugmynd að samskiptasáttmála stjórnar 2019-2020 þar sem m.a. var rætt um að 1. Mæta undirbúin á stjórnarfundi 2. Mæta tímalega 3. Taka ábyrgð á verkefnum 4. Hafa uppbyggilega gagnrýni 5. Samskipti opin og eðlileg. Einnig urðu umræður um hvar stjórn vill eiga samskipti t.d. á Facebook í stað tölvupósts.
- 2. Kynning á reglubundnum verkefnum stjórnar – (tímalína – sjá yfirlit neðar í póstinum)** Byrjað var á að ákveða fundartíma og staðsetningu stjórnarfunda. Niðurstaðan var sú að **stjórnarfundir verða haldnir fyrsta þriðjudag í mánuði kl.11:45-13:00**. Stjórn mun skiptast á að bjóða heim, ef eitthvað kemur upp á er alltaf hægt að halda fundi í Innovation House. Fyrsti stjórnarfundur vetrarins verður haldinn annan þriðjudag í ágúst hjá Kynnisferðum, í september hjá OR, Október á Grand Hótel í framhaldi af haustráðstefnu Stjórnvísí, nóvember Hrafnista, desember HR, janúar hjá Reykjavíkurborg, febrúar Kassagerðin, mars Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins, apríl Strætó og maí Innovaiton House. Sent verður út fundarboð á stjórn. Í framhaldi var kynning á reglubundnum verkefnum stjórnar yfir starfárið og gerð tillaga að tímasetningu á þeim.

Tillögur að tímasetningum viðburða:

Ágúst 2019

Kick off fundur með öllum stjórnnum faghópa

Tímabil: 28. ágúst – kl.08:45-10:00

Hvar: Nauthóll

Ábyrgðaraðili: Gunnhildur, Berglind, Aðalheiður, Guðný Halla og Sigríður tímabil 20.6.-28.ágúst.

Samþykkt var að hafa dagskrá Kick Off fundarins svipaða og var á vorfundinum sem var mikil ánægja með. Formaður setur fundinn og kynnis lítillaga mælaborð Stjórnvísí, framkvæmdastjóri fer yfir hlutverk stjórna faghópa og Berglind fer yfir hvernig halda skal fund. Síðan eru allir hvattir til að ræða saman á borðunum um hvað er vel gert hjá Stjórnvísí og hvað má betur fara. Sigríður og Guðný Halla munu stjórna þeirri vinnu. Að lokum gefst öllum tækifæri á að hitta aðra faghópa á speed-date. Stjórn hefur áður samþykkt að bjóða faghópum út að borða tvisvar á ári og verður það kynnt á fundinum. Sendur verður út linkur á sameiginlegt skjal til stjórna faghópa í ágúst nk. Mæta með barnlímíða fyrir alla til að merkja sig í hvaða faghóp þeir eru, fara yfir hvað hefur gengið vel og hvað má ganga betur.

September 2019

4. september verður haustdagskrá Stjórnvísí send út á alla aðila
Ábyrgðaraðili: Gunnhildur tímabil 4.9 – 4.9.

Október 2019

Haustráðstefna Stjórnvísí - 10.10.2019.

Ábyrgðaraðilar: Gunnhildur, Ingi Björn, Aðalheiður, Ásdís

Tímabil: 20.6.-10.10.2019

Tillögur að þema: Traust, samskipti.

Október/nóvember hádegi 23.10.2019

Fundur með fagráði

Ábyrgðaraðilar: Gunnhildur og Aðalheiður

Tímabil: 23.10.2019.

Janúar 2020

9. janúar. Nýársfagnaður –námskeið fyrir stjórnir faghópa.

Ábyrgðaraðili: Gunnhildur

Hvar: Marel

Tímabil 30.8.-1.9.2019

Efni verður valið á Kick off fundinum í ágúst. Stjórnir faghópanna ákveða hvaða efni er brýnast. Athuga hvort Marel vilji hýsa fundinn.

Febrúar 2020

Jan/feb. Íslenska ánægjuvogin 2019 afhent 24. janúar 2020.

Ábyrgðaraðili: Gunnhildur

Tímabil: 1.2.2019-1.2.2020 Íslenska ánægjuvogin er samstarfsverkefni Stjórnvísí og Zenter.

Feb/mars 2020

Stjórnunarverðlaun Stjórnvísí 2020

Ábyrgðaraðilar: Gunnhildur, Ingi Björn, Aðalheiður, Ásdís

Tímabil: Haldin á tímabilinu 27.febrúar 2020

Þema:

Apríl/maí 2020

Aðalfundur faghópa

Ábyrgðaraðili: **Gunnhildur**

Tímabil: apríl og maí

Maí 2020

Aðalfundur Stjórnvísí

Ábyrgðaraðili: **Gunnhildur**

Tímabil: 7. maí hádegisfundur – ákveða dagsetningu

Stjórnarskiptafundur:

Ábyrgðaraðili: **Gunnhildur**

Tímabil: 7. maí 2020 kl.18:00 – ákveða dagsetningu

Júní

Samfélagskýrsla ársins afhent. Samstarfsverkefni Festu, Stjórnvísí og Viðskiptaráðs Íslands.

Ábyrgðaraðili: **Gunnhildur**

Tímabil: 1.1.-15.6.2020

3. Stjórn gefin aðgangur að [Trello](#) og [Sharepoint](#) (lokið)
4. [Áætlun](#) og [lykilmælikvarðar](#). Kynnt var hvar í Sharepoint áætlanir eru geymdar og stjórn hvött til að kynna sér áætlun Stjórnvísí fyrir árið 2019 sem gerir ráð fyrir 500þúsund króna tekjuafgangi.
5. **Áhersluverkefni stjórnar.** Aðalheiður kynnti áhersluverkefni síðustu þriggja ára.
2016-2017
 - Fagna 30 ára afmæli.
 - Innviðir félagsins og heimasíða og stjórnun
 - Markaðsmál og sýnileiki
 - Tengslamyndun, viðburðir og samstarf**2017-2018**
 - Varðveita sögu félagsins
 - Markaðsmál og vefur
 - Stuðningur við stjórnir faghópa
 - Mælingar og starfsemi félagsins**2018-2019**
 - Markaðsmál
 - Stuðningur við stjórnir faghópa
 - Heimasíða
 - Mælaborð

6. Skilgreind áhersluverkefni stjórnar starfsársins 2019-2020 sem ákveðið var að hefði yfirskriftina „**Traust**“.

Verkefni 1: Stefnumótun fyrir 2020-2025

Ábyrgðaraðilar: **Aðalheiður**, Jón Gunnar, Guðjón, Gunnhildur

Tímabil: 6.8.2019-08.01.2020

- a. Notendaprófanir
- b. Meðal formanna hópa
- c. Meðal viðskiptavina
- d. Meðal þeirra sem ekki þekkja Stjórnvísi
- e. Rýni á heimsíðu
 - i. Gildin, framtíðarsýn, lög
 - ii. n, siðareglur.
- f. Þróun á mælaborði – Aðalheiður, Gunnhildur

Verkefni 2: Sölu og markaðsmál

Ábyrgðaraðilar: **Guðný Halla**, Jón Gunnar, Ingi Björn, Kristján Geir

Tímabil: 6.8.2019-maí 2020

- a. Samfélagsmiðlar
- b. LinkedIn
- c. Mælikvarðar
- d. Markviss fjölgun fyrirtækja
 - a. Endurgjöf – skýrsla til fyrirtækja?
- e. Markviss fjölgun háskólanema
 - i. Hvetja faghópa til að tala við deildir og kennara og t.d. fá 5 bestu nemendur til að kynna niðurstöður

Verkefni 3: Stuðningur við stjórnir faghópa

Ábyrgðaraðilar: **Sigríður**, Guðný Halla, Ásdís, Berglind

Tímabil: ágúst-nóvember 2019.

- a. Þróun á forni viðburða
- b. Yfirfara allt kennsluefni fyrir stjórnir faghópa á heimasíðu.
- c. Kahoot, Menti.com, Podcast, Ted, Hringbraut

Önnur verkefni:

- **Hópefli** – stjórn geri eitthvað skemmtilegt saman ábyrgðaraðili Aðalheiður (sept/okt)
- **Facebook síða fyrir samskipti stjórnar Stjórnvísi.** Ábyrgðaraðili GA/AOG
- **Rýna lög**in – stjórn Stjórnvísi
- **Trelloborð:** stjórn skiptist á að vera á trellóborðinu (þó ekki sá sem heldur fundinn né ritari).

- **Varaformaður Stjórnvísí 2019-2020** er Berglind Björk Hreinsdóttir
- **Ritari Stjórnvísí 2019-2020** er Gunnhildur Arnardóttir
- **Finna mælikvarða á meginmarkmið Stjórnvísí.** Á heimasíðu segir: árangur þessara markmiða er mældur árlega af stjórn Stjórnvísí.
- **Mæla hvernig til tókst á fundi** www.menti.is www.khahoot.com